



FUNDARGERÐ

**Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 19. júní
2019 kl. 14:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.**

Mættir voru: Kristinn Jónasson, Sævar Jónsson, Karitas Jónsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Finnbogi Leifsson og Unnur Þóra Sigurðardóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur og fundargerð síðasta fundar.

Finnbogi Leifsson, aldursforseti stjórnar setti fund og gerði tillögu til stjórnar um formann. Gerð var tillaga um að Kristinn Jónasson yrði formaður stjórnar. Samþykkt. Kristinn tók við stjórn fundarins.

Fundargerð síðasta fundar, 3.apríl sl. samþykkt.

2. Kosning formanns og varaformanns

Tillaga gerð um Sævar Jónsson sem varaformann. Samþykkt.

3. Vinna við mat á umhverfisáhrifum.

a. Vinna við matsáætlun – staðan.

Ferlið er stutt hjá Skipulagsstofnun. Framkvæmdastjóri reifaði stöðu umsagna.

4. Fok á urðunarstað

a. Heimsókn Umhverfisstofnunar og Landverndar

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir heimsókn fulltrúa UST og Landverndar. Heimsókn þeirra kom í framhaldi af myndbandi sem tekið var á urðunarsvæði í Fíflholtum og fór vítt og breytt um samfélagsmiðla.

b. Minnisblað frá Landvernd

Lagt fram minnisblað frá Tryggva Felixsyni, formans Landverndar sem kom í kjölfar heimsóknar hans í Fíflholt þann 22. maí sl. Fundarmenn voru þakklátir fyrir heimsókn Landverndar og málefnanlegt minnisblað.

5. Lífrænn úrgangur, erindi til Eflu verkfræðistofu.

Erindið lagt fram. Verkefnið er í vinnslu.

**6. Fundur framkvæmdastjóra á SV-horni landsins 5. júní
2019.**

Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundinn f.h. Sorpurðunar Vesturlands hf. auk framkvæmdastjóra frá sveitarfélögum á Vesturlandi. Unnið er að samantekt frá fundinum og verða drög kynnt á samráðsnefnd SV-hornsins á fundi þann 21. júní n.k.

7. Þríhliða samkomulag við sunnlendinga

Framkvæmdastjóri upplýsti fyrirkomulag á móttöku og samskipti vegna samningsins.

8. ReSource – gassöfnunarkerfið

a. Móttaka í tilefni formlegrar gangsetningar kyndils.

Ræddur undirbúningur að móttöku sveitarstjórnarfólks til Fíflholta.

b. Minnisblöð:

i. Aukið öryggi og eftirlit á urðunarsvæðinu

Lagt fram og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir því að verkefnið er hafið.

ii. Ferli urðunar í Fíflholti

Lagt fram og rætt. Tillögur virðast nokkuð raunhæfar. Ræða þarf við starfsmenn á urðunarsvæði.

iii. Umbætur á yfirborðslagi í Fíflholti

Lagt fram. Bæta þarf í yfirlag þar sem gassöfnunarkerfi liggur. Meira yfirborðslag minnkar líkur á súrefni inn á kerfið.

9. Malbik

a. Yfirlitsmynd – vigtarsvæði og aðkoma inn á urðunarsvæði.

Kostnaður við malbik er CA. 7.000 kr. á m². Framkvæmdastjóra falið að fá verkið unnið.

10. Fíflholt – metangasbrennari – formlega gangsettur

Farið yfir dagskrá viðburðar í Fíflholtum sem hefst kl. 17.

11. Önnur mál.

a. Samningur milli SSV og Sorpurðunar Vesturlands hf.

Lögð fram drög að samningi. Samþykktur. 1.100.000 kr. pr. mán án/vsk. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn.

b. tækjakaup.

Lagt fram tilboð í prentara og skanna. Samþykkt.

Fundi slitið og farið til Fíflholta þar sem framundan er formleg gangsetning á kyndli sem brennir metangasi yfir í umhverfisvænni gróðurhúsalofttegund. Gassöfnunarkerfi var sett upp á síðasta ári og hefur kyndillinn verið í aðlögunarferli síðan í nóvember, en þá var fyrst kveikt upp í honum. Í Fíflholtum verða fulltrúar sveitarfélaga og fyrirtækja í úrgangsgeiranum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Hrefna B Jónsdóttir